

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 14. mars 2023.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 35 – 35. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). Í greinargerð með frumvarpinu er vikið að því að #metoo-byltingar hafi skekið samfélagið á undanförunum árum og að siðferðisþröskuldur samfélagsins gagnvart kynferðislegum tilburðum gagnvart börnum sé að hækka. Vísað er í ákall um aukna réttarvernd barna gagnvart kynferðislegri misnotkun af hálfu fullorðinna einstaklinga og að núverandi réttarvernd nái ekki nógu vel til 15-17 ára barna. Einnig kemur fram að kynferðislegur lágmarksaldur hafi síðast verið hækkaður úr 14 árum í 15 ár með lögum nr. 61/2007 og að í greinargerð frumvarps til þeirra laga hafi verið talið varhugavert að hækka aldurinn enn frekar til að tryggja að einstaklingar sem eiga í kynferðislegu sambandi við einstaklinga á svipuðum aldri þyrftu ekki að sæta refsingu vegna þess. Þá er bent á varnagla í 2. másl. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga sem sé sambærilegt ákvæðum sem erlendis hafi verið nefnd „Rómeó-og-Júliú“ ákvæði sem snúi að því að samræði milli einstaklinga undir 15 ára séu ekki refsiverð þegar *gerandi* og *þolandi* séu á svipuðum aldri. Það vekur athygli að hér er nefnt *gerandi* og *þolandi* þegar verið er að ræða samræði milli einstaklinga en ekki kynferðislegt ofbeldi. Það er erfitt að sjá hvernig fyrrnefndur málsliður í 202. gr. geti verið sá varnagla sem vikið er að í greinargerðinni.

Félagið getur tekið undir mikilvægi þess að tryggja réttarvernd barna gagnvart kynferðislegri misnotkun. Hér þarf þó einnig að hafa í huga sjálfsákvörðunarrétt barna 15 ára og eldri sem samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga eru talin hafa nægan þroska til að svara til saka og hafa aðild að barnaverndarmáli sbr. 2. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. og 2 mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 svo dæmi séu tekin. Vanda þarf til undirbúnings lagabreytinga eins og þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu og fá fram sjónarmið barna í öllu ferlinu auk almennrar umræðu. Það er eitt að setja inn ákvæði til varnar því að fullorðnir einstaklingar misnoti yfirburðarstöðu til að eiga í kynferðislegu sambandi við börn 15 ára og eldri, annað er að gera samræði barna 15 ára og eldri við einstaklinga á svipuðum aldri ólöglegt. Það verður að gæta að því að persónuleg samskipti ungmenna verði ekki gerð refsiverð þegar ótvírætt samþykki liggur fyrir og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður